

A kærði ákvörðun Tollstjóra um synjun á endurgreiðslu virðisaukaskatts af aðföngum til flugrekstrar og krafðist þess fá niðurfelldan virðisaukaskatt vegna innflutnings á aðföngum til flugrekstrar með vísan til 2. mgr. 36. gr. virðisaukaskattslaga nr. 50/1988 og 9. tl. 1. mgr. 7. gr. tollalaga nr. 88/2005. Ákvörðun Tollstjóra byggðist á því að flugrekstrarstarfsemi kæranda taldist ekki vera atvinnurekstur í skilningi 44. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi nr. 630/2008.

Í máli þessu var deilt um hvort flugrekstrarstarfsemi kæranda teldist vera atvinnurekstur í skilningi 44. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi nr. 630/2008. Litið var til þess að atvinnurekstrarhugtakið væri ekki skilgreint í reglugerð nr. 630/2008 en í úrskurðarframkvæmd í skattamálum hefði, við ákvörðun þess hvort aðili teljist vera í atvinnurekstri, verið litið til þess hvort um sjálfstæða starfsemi sé að ræða sem rekin væri reglubundið og í nokkru umfangi í þeim efnahagslega tilgangi að skila hagnaði.

Með hliðsjón af stöðu flugrekstrarstarfsemi kæranda innan skipulags kæranda, tíðni útseldra verkefna og tekjum af þeim samanborið við lögbundin verkefni kæranda ásamt því á hverju samningi og gjaldskrá vegna erlendra verkefna byggðust var það mat Tollstjóra að flugrekstrarstarfsemi kæranda væri ekki rekin reglubundið, í nokkru umfangi eða í þeim efnahagslega tilgangi að skila hagnaði. Af þeim sökum var hin kærða ákvörðun Tollstjóra staðfest.